

Nd.

## 26. Frumvarp til laga

[26. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Óskar E. Levy,  
Björn Pálsson.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Jörðin Lækjarbær er innst í Vesturárdal í Miðfirði, á mörkum byggðar og heiðar. Það er ekki gamalt býli. Þar var hafinn búskapur árið 1860 og búið á jörðinni til ársins 1924, þó með þeim undantekningum, að hún féll tvisvar úr ábúð á því tímabili, árin 1901—1908 og 1913—1914. En síðan 1924 hefur enginn óskað þess að fá jörðina til ábúðar, og ekki virðast neinar líkur benda til þess, að hún byggist. Þar eru engin mannvirki, og þangað liggur enginn vegur.

Ef Fremri-Torfustaðahreppur eignast jörðina, er það áform hreppsþúa að nota land hennar sem afrétt, til viðbótar hluta hreppsins af heiðarlandinu sunnan byggðarinnar. Á næstliðnu vori keypti hreppurinn jörðina Fosskot í sama skyni, en hún féll úr byggð á þessu ári. Er hentugt fyrir hreppsþúa að fá lönd beggja þessara jarða til afnota, þar sem þau eru samliggjandi.

Hér með fylgir samþykkt um málið, sem gerð var á sveitarfundi í Fremri-Torfustaðahreppi 17. maí 1966, og bréf hreppsnefndaroddvita, dags. 12. sept. 1966.

### Fylgiskjal I.

Á almennum sveitarfundi í Fremri-Torfustaðahreppi, sem hreppsnefnd hafði boðað til með löglegum fyrirvara 17. maí 1966 og meðal annars auglýst, að rætt yrði um, hvort hreppurinn ætti að fara fram á að fá Lækjarbæjarland keypt af ríkissjóði, var eftirfarandi samþykkt:

„Fundurinn felur hreppsnefnd og væntanlegri hreppsnefnd að óska eftir að fá Lækjarbæjarland keypt af ríkissjóði og ganga frá þeim kaupum“.

Rétt afrit staðfest,

Barkarstöðum, 2. sept. 1966,  
oddviti Fremri-Torfustaðahrepps.

Ragnar Benediktsson.

### Fylgiskjal II.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. sept. 1966 að óska eftir því við hæstvirt Alþingi, að Fremri-Torfustaðahreppur fái keypta ríkisjörðina Lækjarbæ í sama hreppi.

Ástæðan fyrir óskum hreppsnefndar í þessu máli er sú, að á þeim sama fundi og um getur í fylgiskjali I. var jörðin Fosskot keypt af Jóni bónda Jónssyni, en hann er að flytja burt af jörðinni og hætta búskap fyrir aldurs sakir. Jörðin fer um leið í eyði. Jörðin Lækjarbær er samliggjandi við Fosskotsland. Er það hugmyndin með kaupum á jörðum þessum að gera þær að upprekstrarlandi, þar sem sannað þykir, að afréttarlöndum Miðfirðinga hefur hrakað mjög hin síðari ár vegna ofbeitar.

Barkarstöðum, 12. sept. 1966,  
f. h. hreppsnefndar,  
oddviti Fremri-Torfustaðahrepps.

Ragnar Benediktsson.